

## 2. fundur Skólaráðs – 30.nóvember 2023.

Mættir: Sigrún Jóna Eydal, Brynja Ásdís Einarsdóttir, Ester Petra Gunnarsdóttir, fulltrúar foreldra, Nína Sólveig Svavarsdóttir og Tómas Heiðar Helgason, fulltrúar nemanda, Sólveig Baldursdóttir forfallast og Þórhildur Halla Jónsdóttir var veik, fulltrúar kennara, Sigurlaug M. Ómarsdóttir, fulltrúi starfsmanna var veik, Valgerður Júlíusdóttir, aðstoðarskólastjóri.

### Dagskrá:

1. Tómsunda- og félagsstarf nemenda kynnt
2. Söngleikurinn – leikstjóri o.fl.
3. Lýðræðisþing nemenda – fulltrúar lýðræðisnefndar
4. Önnur mál

**1. Tómsunda- og félagsstarf nemenda** kynnt af fulltrúum nemendafélags Víðistaðaskóla og Björgvini. Þau sögðu frá böllunum, Stíl, bingói til góðgerða og fleiri verkefnum sem nemendafélagið sinnir.

**2. Söngleikurinn** Níels leikstjóri, Jóhanna aðstoðarleikstjóri og Kristín búningahönnuður. Mary Poppins, prufur búnar og enn verið að ganga frá hlutverkum. Fleiri vildu vera með en hægt var að taka en fá þá önnur hlutverk eða verkefni.

### 3. Lýðræðisþing nemenda – fulltrúar lýðræðisnefndar

Búið að taka saman niðurstöður í skjöl fyrir hvert stig. Nemendur sögðu frá því sem rætt var á fundi lýðræðisnefndar á hverju stigi. Margt áhugavert var rætt á fundunum og tóku nemendur dæmi um skólalóðina þar sem er ein róla. Eins var rætt um skipulag skólalóðar og vaktir í frímínútum. Miðstig ætlar að funda aftur á þriðjudag til að vinna plaggat og skrifa bréf vegna leiktækja og fleira.

### 5. Önnur mál

Rætt var um lýsingu á göngustígum við skólann sem þarf að bæta en þar vantar ljósastaur. Skólastjóri ætlar að skrifa bréf til bæjaryfirvalda varðandi þetta. Jóláhald var rætt og síðan var gengið um skólann undir leiðsögn skólastjóra. Þar var skoðaður lýðræðisveggurinn með niðurstöðum lýðræðisvinnunnar undanfarin ár voru sýnilegar. Kíkt var í stofur enda nemendur önnur kafnir við að skreyta skólann, Veröld námsver fyrir ÍSAT nemendur heimsótt og NHL nám hegðun líðan námsver fyrir nemendur sem þurfa næði og sérþjónustu svo fátt eitt sé nefnt.

Fleira var ekki rætt – fundi slitið kl.9:30

Næsti fundur verður 18. janúar.

Ritari: Hrönn Bergþórsdóttir